

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélgsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Búðarstígur 23C.

Skipulagsnefnd Sveitarfélgsins Árborgar samþykkti 15. apríl 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Búðarstíg 23C á Eyrarbakka. Breytingin felur í sér að húsið á lóðinni hækkar um 100 cm, sem nýttir verða til að bæta við aukahæð í húsið. Gert er ráð fyrir allt að 8 iðnaðarbilum á jarðhæð viðbyggingar, allt að 8 íbúðum á annarri hæð hússins tengtum iðnaðarbilum og 6 íbúðum á þriðju hæð.

Nánar er tilgreint um skilmála og kvaðir innan tillögunnar.

Deiliskipulagsbreyting, Austurvegur 61 og 63.

Skipulagsnefnd Sveitarfélgsins Árborgar samþykkti 15. apríl 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Austurvegur 61 og 63 á Selfossi. Breytingin felur í sér fjölgun íbúða með heimild fyrir minni íbúðum, stækkun bílakjallara og fjölgun bílastæða í samræmi við fjölgun íbúða úr 21 í 27. Gert er ráð fyrir 23 bílastæðum í kjallara og 4 á lóð.

Deiliskipulagsbreyting, Árbakkaland.

Skipulagsnefnd Sveitarfélgsins Árborgar samþykkti 15. apríl 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Árbakkalands er varðar fjölda lóða. Breytingin felur í sér að heildarfjöldi einbýlishúsa fer úr 20 í 19. Breytingin tekur til kafla 4.1.1. þar sem fjöldi einbýlishúsa og lóða á svæði E1 er skilgreindur.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. apríl 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélgsins Árborgar,
Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 8. maí 2026